



IS Spilareglur - Lúdó fyrir 2-4 leikmenn

Að byrja

Leikmenn taka allir 4 samlit leikpeð og setja þau á heimasvæðið á leikborðinu sem er í eins lit og peðin. Ef leikmenn eru tveir þá geta þeir báðir leikið með tvöfalt sett af leikpeðum.

Gangur spilsins

Allir leikmenn kasta einu sinni teningnum. Sá sem fær hæstu töluna byrjar. Eftir það er gert til skiptist. Í hvert skipti sem þú átt leik kastar þú teningnum og færir leikpeð áfram um jafn marga reiti og teningurinn sýnir. Þú ræður sjálf/ur hvaða leikpeð þú vilt færa.

Til að geta fært leikpeð af heimasvæðinu, á litaða byrjunarreitinn, þarf þú að kasta tölunni 6. Í hvert sinn sem þú færð 6 máttu gera aftur. Ef þú færð einnig 6 í aukakastinu getur þú annað hvort fært annað leikpeð á byrjunarreitinn eða fært eitt af leikpeðunum sem eru komin á keppnisslóðina áfram um 6 reiti. Það á alltaf að færa leikpeðin áfram um jafn marga reiti og talan á teningnum segir til um, líka þegar það er þér ekki í hag. Fleiri en eitt leikpeð í sama lit mega standa á sama reitnum.

Ef þú hafnar á reit þar sem leikpeð mótspilara þíns er fyrir er leikpeð hans „rekið“ heim. Hann þarf þá að færa peðið sitt aftur á heimasvæðið og byrja aftur frá byrjun. Ef mótspilarinn hefur hins vegar tvö eða fleiri leikpeð á reitnum er það leikpeðið þitt sem er rekið heim.

Þegar leikpeð er komið heilan hring og á reitina í sínum lit, sem liggja inn að miðju, er ekki lengur hægt að reka það heim. Til að komast inn að miðju verður þú að kasta nákvæmri tölu. Ef þú kastar of mikil þá færir þú peðið aftur niður um þá umfram reiti sem kastað var.

Sigurvegari

Sigurvegarinn er sá leikmaður sem nær fyrstur að koma öllum leikpeðum sínum í mark.

Góða skemmtun!

SE: Varning! Kvävningsrisk. Rekommenderas ej till barn under 3 år pga. smådelar.

DK: Advarsel! Kvælningsfare. Ikke egnet til børn under 3 år, da smådele kan sluges.

NO: Advarsel! Kvelningsfare. Ikke egnet for barn under 3 år på grunn av små deler som kan sitte fast i halsen.

IS: Viðvörun! Köfnunarhætta. Ekki ætlað börnum yngri en 3ja ára vegna småhluta sem valdið geta köfnun.

FI: Varoitus! Tukehtumisvaara. Ei sovi alle 3-vuotialle lapsille pienent osien takia.

GB: Warning! Danger of choking. Not suitable for children under 3 years of age because small parts may be swallowed.

Please keep this package for future reference. Colours and contents may vary from those illustrated.
Manufactured and distributed by Nordic Games under the license from LazyTown Entertainment.
LazyTown & logo and all related characters and elements are trademarks of and © 2013 LazyTown Entertainment. A Time Warner company. All rights reserved.



www.nordicgames.is

Nordic Games, Kóllunarklettsvegi 1 - 4h, 104 Reykjavík, Iceland, www.nordicgames.is.